

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Giljahverfis 3. og 5. áfanga, vegna Giljaskóla.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. febrúar 2008 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Svæðið sem breytingum tekur afmarkast af Kiðagili til austurs, göngustíg til suðurs, göngustíg og óbyggðu svæði til vesturs og Borgarbraut til norðurs. Breytingin felur í sér að lóð grunnskólans er stækkuð til vesturs í 21.378 m². Norðan við Giljaskóla er gert ráð fyrir 2 byggingarreitum vegna íþróttamiðstöðvar, fyrir íþróttasali annarsvegar og þjónustu- og tengi-byggingu hinsvegar. Gert er ráð fyrir 71 bílastæði á lóðinni, auk 10 bílastæða er tilheyra leikskóla.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 18. febrúar 2008,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. mars 2008